

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Óbyggðanefnd <postur@obyggdanefnd.is>  
**Sent:** mánudagur, 19. ágúst 2024 12:26  
**To:** Óbyggðanefnd  
**Subject:** Þjóðlendumál: framlengdur kröfulýsingarfrestur landeigenda vegna eyja og skerja


### Tilkynning frá óbyggðanefnd um kröfulýsingarfrest landeigenda vegna eyja og skerja

*Tilkynning þessi er m.a. sent lögmönnum sem hafa haft samband við óbyggðanefnd vegna málmeðferðarinnar og sveitarfélögum sem liggja að sjó*

Óbyggðanefnd hefur framlengt kröfulýsingarfrest landeigenda á svæði 12 (eyjar og sker) til **2. desember 2024**. Það er gert í ljósi upplýsinga frá lögmönnum ríkisins um að von sé á endurskoðuðum kröfum ríkisins um mánaðamótin ágúst–september 2024.

Tilkynning verður send út um endurskoðaða kröfugerð þegar hún liggur fyrir, auk þess sem hún verður birt á vefsíðu óbyggðanefndar. Á vefsíðunni er einnig að finna almennar upplýsingar um málsmeðferðina.

**Erna Erlingsdóttir, skrifstofustjóri**  
Óbyggðanefnd  
Borgartúni 29  
105 Reykjavík  
Sími: 563 7000  
[obyggdanefnd.is](http://obyggdanefnd.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Gunnar Geir Gunnarsson - SGS <gunnar.g.gunnarsson@samgongustofa.is>  
**Sent:** föstudagur, 23. ágúst 2024 10:30  
**To:** Fræðsla og forvarnir  
**Subject:** Umferðarþing 2024

Góðan daginn

### **Samgöngustofa heldur Umferðarþing föstudaginn 20. september 2024 kl. 9:00-15:30 í Gamla Bíói, Ingólfsstræti 2a í Reykjavík.**

Að þessu sinni verður þemað samspil ólíkra vegfarendahópa. Munu fulltrúar vegfarendahópa greina frá sínum fararmáta, hvað er gott við hann og hvaða áskorunum þau mæta. Er ætlunin að allir vegfarendahópar geri sér grein fyrir sérstöðu og áskorunum hvers annars og munu þá öll vonandi sýna hvert öðru betri skilning í umferðinni.

Ríkissáttasemjari mun taka þátt í deginum með okkur. Mun hann leggja línurnar fyrir daginn og er ætlunin að nýta hans aðferðarfræði við að ná árangri. Einnig mun hann stýra pallborði í lok þingsins.

Skráning fer fram [hér](#) og þar má einnig sjá dagskrána og frekari upplýsingar. Endilega hafið samband ef þið hafið spurningar.

# SAMAN Í LIÐI

Umferðarþing



## Samspil ólíkra vegfarendahópa

Haldið föstudaginn 20. september  
í Gamla Bíó

 Samgöngustofa

Vinsamlegast áframsendið á alla sem þið teljið að hafi áhuga á að mæta.

Með kveðju / Best regards,

**Gunnar Geir Gunnarsson - SGS**

Deildarstjóri öryggis og fræðsludeildar / Head of Safety and Promotion Section

 **Samgöngustofa**

**Icelandic Transport Authority**

Ármúli 2, 108 Reykjavík Iceland

Sími / Phone +354 480 6000

[www.samgongustofa.is](http://www.samgongustofa.is) / [www.icetra.is](http://www.icetra.is)

Verndum umhverfið, prentum sem minnst

Fyrirvari við tölvupóst - email disclaimer

# Minkaleit í flóa 2024

Við byrjuðum 8.maí og leituðum þá frá Brúnastöðum niður í Þingborg,

26.maí er farið frá læknum sem er við kambholt og niður að vola og þaðan niður í Bár.

27.maí er byrjað neðst í kerfinu, leituð öll eyjan sýrlækjarbót í Þjórsá og einnig upp sýrlæk og svo fórum við í Þingdal, leituðum einnig villingarholtsvatn, on g svo einnig hvítá frá hjálmholti að brúnastöðum.

Á þessari leit veiddust 28 stk minkar í heildina, þar af 4 læður. 3 högnar og 21 hvolpur. Þar sem þetta er okkar fyrsta ár í leit í hreppnum, leggjum við til: 5-7 dagar í leit á næsta ári til að komast yfir stærra og meira svæði, þar á meðal helstu áveituskurði út frá volanum því sáum við núna að ekki er mikill minkur að halda sig við volann heldur í skurðum út frá honum og við hvítá.

Einnig viljum við benda á að mikið er af gildrum í neðri part flóans sem að trúlega hjálpa til við að halda honum niðri á því svæði.

En í stuttri samantekt er þetta gífurlegt vatnasvæði sem þyrfti að leita og kynnast betur til þess að ná tilsettum árangri, því skurðarkerfið er rosalega mikið og fjölbreytt og getur tekið nokkur ár til þess að þekkja það í þaula.

MBK. Eggert og Jón Ingi

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Hulda Kristjánsdóttir  
**Sent:** föstudagur, 23. ágúst 2024 12:54  
**To:** 'Orkugerðin'; Halla Margrét Viðarsdóttir - UST  
**Cc:** hsl@hsl.is; Matvælastofnun MAST  
**Subject:** RE: Ábending vegna lyktarmengunar í Flóahreppi.

Sæl verið þið

Varðandi lyktarmengun frá gámi á lóð sveitarfélagsins þá hefur lyktarmengun frá honum bara verið rétt í kringum hann og tekur sveitarstjórn ekki undir þær ábendingar Orkugerðarinnar að lyktarmengun frá gáminum sé að valda nágrönnum ónæði eða óþægindum. Gámurinn er kominn á fasta tæmingu hjá ÍGF til að komast hjá því að hann fyllist og að innihald standi uppúr gáminum.

Með kveðju  
Hulda

---

Hulda Kristjánsdóttir  
Sveitarstjóri Flóahrepps  
[hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is)  
[www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is) | 480 4370 | Þingborg



*Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr.47.gr laga nr. 81/2003 um fjarskipti.*

---

**From:** Orkugerðin <[orkugerdin@orkugerdin.is](mailto:orkugerdin@orkugerdin.is)>  
**Sent:** föstudagur, 16. ágúst 2024 16:05  
**To:** Halla Margrét Viðarsdóttir - UST <[halla.vidarsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:halla.vidarsdottir@umhverfisstofnun.is)>  
**Cc:** Hulda Kristjánsdóttir <[hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is)>; hsl@hsl.is; Matvælastofnun MAST <[mast@mast.is](mailto:mast@mast.is)>  
**Subject:** RE: Ábending vegna lyktarmengunar í Flóahreppi.

Góðan daginn. Búið er að gangsetja nýjan lyktareyðingarbúnað og er verið að stilla hann af með tilliti til efnisnotkunar sem nota þarf til að eyða lykt. Lykt hefur minnkað og mun vonandi verða í algjöru lágmarki þegar búið er að finna réttar skammtastærðir á efnunum. Einnig stendur yfir viðgerð á ozone búnaði sem hjálpa mun til að eyða lykt.

Verið er að vinna að þrifum á húsnæði sem ætti einnig að minnka lyktarmengunina.

Búið er að fara yfir með viðskiptavinum hvernig meðhöndla skal efni og að efnið verði að vera ferskt þegar það berst til okkar.

Kv. Felix

**From:** Halla Margrét Viðarsdóttir - UST <[halla.vidarsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:halla.vidarsdottir@umhverfisstofnun.is)>  
**Sent:** Friday, August 16, 2024 3:21 PM  
**To:** Orkugerðin <[orkugerdin@orkugerdin.is](mailto:orkugerdin@orkugerdin.is)>  
**Cc:** Hulda Kristjánsdóttir <[hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is)>; [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is); Matvælastofnun MAST <[mast@mast.is](mailto:mast@mast.is)>  
**Subject:** Ábending vegna lyktarmengunar í Flóahreppi.

Góðan daginn,

Umhverfisstofnun kallar eftir viðbrögðum frá rekstraraðila og frekari upplýsingum um framgang mála vegna viðgerða á eimsvala, ásamt uppsetningu nýs mengunarvarnarbúnaðs fyrir útloftun frá rekstraraðila. Samkvæmt veittum upplýsingum frá rekstraraðila í Maí, fyrr á þessu ári, eftir ábendingar um slæma lyktarmengun var stofnunin upplýst um viðgerðir og endurnýjun á búnaði sem áætlað var að myndu ljúka nú í sumar. Má staðfesta nú hvort að þeim viðgerðum sé lokið?

Að auki komu fram upplýsingar frá rekstraraðila Orkugerðarinnar um lyktarmengun frá gámi á næstu lóð sem er á vegum sveitarfélagsins, hver er staðan á honum og er enn lyktarmengun til staðar vegna hans?

Stofnunin minnir á að samkvæmt starfsleyfi, gr. 3.4 er varðar lyktarmengun og afsog þá ber rekstraraðila að halda lyktarmengun og annarri loftmengun í lágmarki, m.a. með að tryggja að hráefni berist ferskt til verksmiðjunnar, verkferlar skulu vera til staðar til að draga úr hættu á lyktarmyndun við vinnslu og búnaður þarf að vera til staðar sem eyðir lyktarmengun út.

Aftur hefur stofnuninni borist erindi frá almenningi að enn gætir töluverðar lyktarmengunar í nágrenni við Orkugerðina ásamt því hefur sveitastjórn Flóahrepps kallað eftir skriflegum upplýsingum frá rekstraraðila um stöðu mála vegna ábendinga sem hefur borist til sveitastjórnar Flóahrepps.

**Bestu kveðjur, Best regards**

Halla Margrét Viðarsdóttir  
Sérfræðingur, Advisor  
Svið umhverfisgæða, Department of Environmental Quality



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland  
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland  
Sími / Phone: +354 591 2000  
[www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)

# Gullspor

örsýning & söguganga

Þér og þínum er boðið að vera við opnun sýningarinnar Gullspor laugardaginn 7. september kl. 14.00 í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Þar er fjallað um handverk gull- og silfursmiða í Árnassýslu á 19. og 20. öld. Strax í kjölfarið verður boðið uppá *sögugöngu* um Eyrarbakka á slóðir þeirra smiða sem störfuðu í þorpinu.

*Verið velkomin*

Opið alla daga fram til  
30. september kl. 11 -17  
Sími 483 1504  
info@byggdasafn.is  
www byggdasafn.is



BYGGÐASAFN  
ARNESINGA

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Ragnheiður Sigurðardóttir <ragnheidur@umfi.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 29. ágúst 2024 15:52  
**Subject:** Ungt fólk og lýðheilsa - ungmennaráðstefna  
**Attachments:** UFL24\_Seinna kynningarbréf.pdf; UFL24\_Dagskrá.pdf

Góðan dag,

Sjá í viðhengi kynningarbréf fyrir ungmennaráðstefnuna **Ungt fólk og lýðheilsu** sem ungmennaráð UMFÍ stendur fyrir.

Viðburðurinn er fyrir allt ungt fólk á aldrinum 15 – 30 ára.

Viðburðurinn fer fram dagana 20. – 22. september á Reykjum í Hrótafirði.

Umfjöllunarefnið í ár er: LÝÐHEILSA.


:: Hér er að finna nánari upplýsingar á heimasíðu UMFÍ: <https://www.umfi.is/vidburdir/ungt-folk-og-lydraedi/ungt-folk-og-lydraedi-2024/>

:: Hér er að finna viðburðinn á Facebook: <https://fb.me/e/2amNFTkx8>

:: Hér er hlekkur á skráningarformið: <https://forms.gle/i8chNQtfv8JPRdvV6>

Endilega sendu mér línu ef þú hefur einhverjar spurningar og/eða vangaveltúr

**Bestu kveðjur,**  
Ragnheiður Sigurðardóttir  
Verkefnastjóri og starfsmaður Ungmennaráðs UMFÍ  
Sími: (+354) 8671147



Allar upplýsingar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál.  
Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum.  
Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti.  
Ef þú ert ekki sá sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt  
að upplýsa um hann, afrita hann eða dreifa honum.





UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS  
Engjavegur 6, 104 Reykjavík  
568 2929, umfi@umfi.is

Reykjavík, 29. ágúst 2024

## UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI 2024

**Ungmennaráð UMFÍ stendur fyrir ungmennaráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði dagana 20. – 22. september á Reykjum í Hrótafirði.**

Yfirskrift ráðstefnunnar er: *Ungt fólk og lýðheilsa.*

Eins og nafnið gefur til kynna er ráðstefnan fyrir ungt fólk á aldrinum 15 - 30 ára. Allt ungt fólk á tilsettum aldri er velkomið á ráðstefnuna.

### TÆKIFÆRI TIL SKOÐANASKIPTA

Ungt fólk sem hefur komið á ráðstefnuna í gegnum árin segir hana haft afar góð áhrif. Fólk hafi aukið félagslega hæfni sína og lært að vinna með gildi eins og samstöðu, lýðræði og vináttu. Valdefling hafi falist í þátttökunni. Þátttakendur hljóta tækifæri til að mynda sér skoðanir og koma þeim á framfæri við jafningja og ráðafólk. Viðburðurinn gefur þannig þátttakendum tækifæri til að hlusta á ólíkar upplifanir og sjónarmið, brjóta ísinn í samskiptum við aðra og fara út fyrir þægindarammann.

### FJÖLBREYTT DAGSKRÁ

Dagskráin verður eins og alltaf með fjölbreyttu sniði. Boðið er upp á hópefli og samveru, áhugaverðan fróðleik og uppörvandi og hvetjandi málstofur. Fólk úr stjórnmálum og atvinnulífi mætir á ráðstefnuna og fá þátttakendur tækifæri til að byggja upp tengslanet til framtíðar. Sjá dagskrá í viðhengi og inn á umfi.is.

Fjöldi þátttakenda er takmarkaður og því borgar sig að bíða ekki of lengi með skráningu. Fullorðinn einstaklingur þarf að fylgja þátttakendum yngri en 18 ára. Þátttökugjald er 15.000 kr. fyrir hvern þátttakanda. Innifalið eru ferðir, uppihald og ráðstefnugögn. Rúta fer frá þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík á föstudeginum og til baka á sunnudeginum sem þátttakendur eru hvattir til þess að nýta sér.

Athygli er vakin á því að viðburðurinn er vímuefnalaus, það sama á við um rafsígarettur og nikótínþúða.

Skráning er hafin og stendur til 11. september. [Smelltu hér til þess að skrá.](#)

Allar upplýsingar um ráðstefnuna má finna á umfi.is.

Fyrir hönd Ungmennaráðs UMFÍ,

Halla Margrét Jónsdóttir, formaður Ungmennaráðs UMFÍ.



## UNGT FÓLK OG LÝÐHEILSA 2024

TÍMI	FÖSTUDAGUR 20. SEPTEMBER
Kl. 17:00	Brottför frá þjónustumiðstöð UMFÍ, Engjavegur 6, 104 Rvk.
Kl. 19:30	KOMA SÉR FYRIR Á STAÐNUM
Kl. 20:00	Kvöldmatur
Kl. 20:45	HÓPEFLI OG GLEÐISTUÐ!
Kl. 23:30	Öll komin í ró

TÍMI	LAUGARDAGUR 21. SEPTEMBER
Kl. 09:00	Morgunmatur
Kl. 10:00	PEPPUM OKKUR Í GANG!
Kl. 10:15	Stillum okkur inn!
Kl. 11:15	HVERNIG HUGSA ÉG UM MIG? (FYRIRLESTUR)
Kl. 12:00	Hádegismatur
Kl. 13:00	MÁLSTOFUPEPPI
Kl. 13:30 – 15:20	MÁLSTOFUR – þrjár í boði og allir fara í allar

**LÍKAMLEG HEILSA:** Logi Geirsson.

Logi er fyrrverandi landsliðsmaður í handbolta. Hann var í íslenska landsliðinu í handbolta sem vann silfurverðlaun á Ólympíuleikunum í Peking árið 2008. Í dag er Logi einkaþjálfari. Í vinnusmiðju Loga fer hann yfir mikilvægi líkamlegrar heilsu og ræktunarstarfsins í musterinu okkar, það er að segja líkamanum.

**ANDLEG HEILSA:** Aldís Arna Tryggvadóttir.

Aldís Arna er streituráðgjafi Íslands númer eitt, markþjálfari, snillingur í samskiptum, dáleiddslu, heilun og meistari í forvarnarfræðslu. Lífssýn hennar er „mannrækt er málið,“ sem endurspeglar áhuga hennar á því að rækta mennskuna og gleðina í lífi hvers og eins. Aldís Arna ætlar í sinni vinnusmiðju að einblína á gleðina og því hvernig hægt er að tileinka sér það að vera sinn eigin gleðimálaráðherra!

**FÉLAGSLEG HEILSA:** Sabína Steinunn Halldórsdóttir

Sabína Steinunn er íþrótta- og heilsufræðingur. Hún hefur brennandi áhuga á hreyfifærni barna og samskiptum fólks. Sabína hefur komið víða við í félagsstarfi, innan kvenfélaga, ungmennafélaga, íþróttafélaga og víðar. Í sinni vinnusmiðju fjallar Sabína um þátttöku í ólíku félagsstarfi, óformlegu námi og mikilvægi þess að taka þátt í samfélaginu.

MÁLSTOFA	KL. 13:30 – 14:00	KL. 14:10 – 14:40	KL. 14:50 – 15:20
Líkamleg heilsa	Hópur A	Hópur B	Hópur C
Andleg heilsa	Hópur B	Hópur C	Hópur A
Félagsleg heilsa	Hópur C	Hópur A	Hópur B

Kl. 15:40 Hressing og heimahópar

Kl. 16:30 **BLAND Í POKA!**

Kl. 19:00 Kvöldmat

Kl. 20:00 **SUNDLAUGARPARTÝ!**

Kl. 22:00 Kvöldhressing

Kl. 23:30 Öll komin í ró

**TÍMI SUNNUDAGUR 22. SEPTEMBER**

Kl. 08:15 Morgunmat

Kl. 09:00 Ganga frá herbergjum

Kl. 09:30 **SAMANTEKTARSMÍÐJUR**

Kl. 11:00 – 12:30 **KAFFIHÚSAUMRÆÐUR MEÐ RÁÐAFÓLKI**  
Tækifæri fyrir þátttakendur og ráðafólk að ræða saman óformlega á jafningjagrundvelli. Ráðafólkið fær sömuleiðis tækifæri til þess að hlusta á raddir, tillögur og skoðanir ungmenna.

Kl. 12:45 **HÁDEGISMATUR OG RÁÐSTEFNUSLIT**

Kl. 13:30 **BROTTFÖR**  
Áætluð koma í þjónustumiðstöð UMFÍ er kl. 16:00.

*Dagskrá er birt með fyrirvara um breytingar.*

**Flóahreppur**  
**Þingborg**  
**803 Selfoss**  
floahreppur@floahreppur.is

**Skilagrein vegna sérsöfnun umbúða hjá sveitarfélögum.**

Meðfylgjandi er yfirlit yfir greiðslur Úrvinnslusjóðs vegna sérsöfnunar sveitarfélaga sem tekið hefur verið á móti við heimili, á söfnunarstöð og við grenndargáma.

*Greitt verður inná bankareikning skv. eftirfarandi upplýsingum:*

Kennitala 600606-1310  
Bankanúmer 0152-26-000780

Bókunarupplýsingar		
Fjársýsla ríkisins		
Viðfang	Tegund	Bt - VíDD2
1428711018	55621	2 30
1428711020	55621	2 30
1428711023	55621	2 30
1428711024	55621	2 30

	Grenndargámur	Heimatunna	Söfnunarstöð	Samtals
Pappaumbúðir	14.910	1.552.145	-	<b>1.567.055</b>
Plastumbúðir	-	-	-	-
Glerumbúðir	-	-	-	-
Málmumbúðir	-	-	-	-
<b>Heildargreiðsla</b>				<b>1.567.055 kr</b>

Athugið að greiðslur eru án VSK

Greiðslur þessar eru til sveitarfélagsins vegna móttöku sérsöfnunar.

**Greiðslur þessar eru vegna jan - mars 2024**

Frekari upplýsingar hjá Úrvinnslusjóði í síma 517-4700

Greiðsla	Aðstaða	Annað	Ílát	Söfnun	Samtals	
<b>Grenndargámar</b>		1.322	386	1.932	11.270	14.910
Pappasöfnun						
Pappaumbúðir		1.322	386	1.932	11.270	14.910
<b>Heimatunnur</b>		-	45.323	131.744	1.375.078	1.552.145
Pappasöfnun						
Pappaumbúðir		-	45.323	131.744	1.375.078	1.552.145
<b>Samtals</b>		1.322	45.709	133.676	1.386.348	1.567.055

Söfnun	Grenndargámar	Heimatunnur	Alls kg.
<b>Pappasöfnun</b>			
Pappaumbúðir	280	7.160	7.440
Annar pappír	110	2.811	2.921
Annað	25	636	661
<b>Alls kg.</b>	<b>415</b>	<b>10.607</b>	<b>11.022</b>